

Útkomið í A-deid Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendar ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 29. maí 1904 (A. nr. 10, bls 30—31).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 25. júlí 1904 (A. nr. 11, bls. 32—33).

Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiptsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður, undirskrifuð af konungi 23. ágúst 1904 (A. nr. 12, bls. 34—39).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um endurbygging kirkju. Í 98

brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að svo 22. ágúst standi á, að kirkjueigandi einn, sem þurfi að endurbyggja kirkju sína, er sje gömul og mjög hrörleg torfkirkja, haldi því fram, að hann í þessu efni fullnægi skyldu sinni, ef hann byggi nýja velgjörða torfkirkju, og byggi hann þessa skoðun meðfram á því, að kirkjan eigi fremur litinn sjóð, og hafi svo litlar tekjur, að velbyggð timburkirkja mundi nýbyggð verða í töluverðri skuld, sem hún yrði ekki fær um að endurborga sjer auk nauðsynlegs kostnaðar.

Jafnframt því að taka það fram, að þjer, einsog hlutaðeigandi söfnuður, prestur og prófastur, getið eigi álitid að ofangreindur kirkjueigandi fullnægi skyldu sinni, ef hann byggir nýja torfkirkju, og að þjer á visitazíuferð hafið tjáð kirkjueigandanum það álit yðar, að hver kirkjueigandi sje að lögum skyldur til að hafa kirkju sína í sómasamlegu og messufæru standi, og endurbyggja hana sómasamlega, þegar þess þarf við, samkvæmt því, sem í þessu efni er tekið fram í kirkjurjetti Jóns háyfirdómara Pjeturssonar (2. útg. bls. 249—250), en að eptir rikjandi skoðun þessara tíma geti það eigi kallazt sómasamleg endurbygging að byggja nýja kirkju úr torfi í stað hinnar gömlu, hafið þjer beiðzt úrlausnar stjórnarráðsins á eptirgreindum fyrirspurnum:

1. Hvort kirkjueiganda sje heimilt að endurbyggja kirkju sína eptir eigin gedþóttu, að því er snertir efni, stærð og fyrirkomulag, gegn ákveðnum mótmælum annara hlutaðeigenda, og sje það eigi, þá

2. Hver eða hverjir það sjeu, sem hafi rjettmætt atkvæði í þessu efni, hvort það sje eigi prófastur og biskup, að athuguðum tillögum kirkjueiganda, þess prests og safnaðar, er hlut eiga að máli og yfir höfuð öllum málavöxtum.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið telur rjett að kirkjueigandi ráði því, hvernig hann byggir upp kirkju sína, þó svo að kirkjan sje úr sæmilegu efni — en eptir almenningsálit-

5. dag októbermánaðar 1904

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

98 inu verður torf ekki talið sæmilegt kirkjuefni nú á tímum — nægilega stór og
22. ágúst rúmgóð, hæfilega björt og þjett og fyrirkomulagið ekki afkáralegt. Uppfylli
 kirkjubyggingin eigi þessi skilyrði eptir álitni prófasts og biskups, er biskupinum
 rjett og skylt að láta höfða mál gegn kirkjueiganda til þess að fá hann dæmd-
 an til að gjöra kirkjuna svo úr garði, að sæmilegt sje.

99 **Brjef stjórnarráðsins til stiptsyfirvaldanna um viðaukaembættis-**
30. ágúst lán. — Með brjefi, dagsettu 15. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra
 biskup, sent hingað erindi frá sjera Kjartani prófasti Einarssyni í Holti, þarsem
 hann, sökum þess að íbúðarhús það á prestssetrinu Holti, sem hann hefir byggt
 fyrir embættislán, sbr. landshöfðingjabrjef 30. apríl og 9. júní f. á., hafi orðið
 miklu dýrara en hann hefði getað hugsað sjer, og áætlað hafi verið, sækir um
 1000 kr. viðaukaembættislán með sömu kjörum og eldra lánið. Húsið er nú
 uppkomið og metið á 6500 kr. og talið sterkt og vel vandað. Hafið þjer lagt
 það til að hið umbeðna væri veitt, þó svo að umrætt viðbótarlán færi eigi fram
 úr 600 kr.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birt-
 ingar fyrir beiðandanum, að stjórnarráðið fellst á framangreinda tillögu yðar.

100

22. sept.

Viðauki

við reglur um hrákallát og gólfræstingu til varnar gegn berkla-
veiki frá 21. júní 1904.

Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir ekki eru til, skulu hrepps-
 nefndir framkvæma þau störf, sem í 1. gr. reglna 21. júní 1904 um hrákallát
 og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki eru falin heilbrigðisnefndum.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur að hegða sjer.

Í stjórnarráði Íslands 22. september 1904.

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon